

Fundarstjórn: Reynir
Fundarritari: Sóley
Mættir: Sigríður Herdís, Reynir, Vigdís Diljá og Sóley

Efni fundar:

1. Netfang foreldraráðs
2. Covid 19 ráðstafanir.
3. Önnur mál

1. Netfang foreldraráðs

Við eftirgrensulan kom í ljós að ekki er til netfang fyrir foreldraráð Tjarnaskógar hjá sveitarfélaginu. Ákveðið var að sækja um netfang sem mun bæði nýtast í samskiptum foreldra við ráðið og við hýsingu gagna. Kostnaður sem af því hlýst fellur undir rekstur leikskólans og er Sigga Dís samþykk því.

2. Covid ráðstafanir

Hertar sóttvarnaraðgerðir tóku gildi á landinu í dag og var leikskólinn lokaður til kl.11 svo starfsmenn gætu skipulagt starfið með tilliti til nýrra reglna.

Börn á leikskólaaldri mega ekki vera fleiri en 50 í sama hólfi og er því búið að skipta leikskólanum upp í fimm hólf. Hólfín mega ekki blandast í útiveru og þurfa deildirnar því að skiptast á hvað það varðar.

Nauðsynlegt er að stytta opnunartíma örlítið þar sem að ekki eru nægilega margir starfsmenn í hverju hólfi til að halda venjulegum tíma. Skólinn verður því opinn 8:00 – 16:15 á meðan þessar aðgerðir standa yfir.

3. Önnur mál

Öll foreldraviðtöl verða tekin í gegnum fjarfundabúnaðinn Teams þetta árið. Er það í fyrsta skipti sem það er gert og um tilraun að ræða. Spennandi verður að sjá hvernig til tekst. Foreldraráð er mjög jákvætt gagnvart þessari aðlögun leikskólastarfs að breyttum aðstæðum.

Rætt var um hálkuvarnir og lýsingu bæði við leikskólana og inni á lóðum en þetta eru atriði sem einnig voru rædd síðasta vetur. Leikskólastjóri er strax farinn að þrýsta á úrbætur í þeim efnum við starfsmenn áhaldahúss.

Rætt var um samráðsvettvang foreldraráða í nýja sveitarfélaginu sem nú hefur hlotið nafnið Múlaping. Búið er að stofna hóp á facebook fyrir ráðin. Ákveðið var að reyna að koma á sameiginlegum fundi með ráðunum fljótlega til þess að stilla saman strengi varðandi framtíðina.

Fundi slitið 17:40